

Fagfjárfestasjóður

REG 2 Smáralind

Árshlutareikningur 30. júní 2013

REG 2 Smáralind
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Yfirlit um fjárfestingar	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur sjóðsins REG 2 Smárlind er hluti af B-hluta árshlutareiknings Stefnis hf. sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða rekstrarfélagsins. Hann er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Enginn hagnaður varð á rekstri sjóðsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í lok tímabilsins nam einni milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. ágúst 2013

Í stjórn félagsins:

Haraldur Rudoþsdóttir
Kjetill Þrándsson
Jóhann L. Úlfsson
Svara Bjarnadóttir

Framkvæmdastjóri:

Eldi Hauðsmun

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í REG 2 Smáralind

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning REG 2 Smáralind fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2013. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar. Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.


Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2013 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Reykjavík, 26. ágúst 2013



Margrét Pétursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2013

	Skýr.	1.1. - 30.6. 2013	1.1. - 30.6. 2012
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3-5		
Vaxtatekjur og verðbætur		392	0
Vaxtagjöld og verðbætur		(387)	0
Hreinar fjármunatekjur		<u>5</u>	<u>0</u>
Rekstrargjöld			
Umsýsluþóknun	6	<u>5</u>	<u>0</u>
		<u>5</u>	<u>0</u>
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2013

	Skýr.	30.6. 2013	31.12. 2012
Eignir			
Verðbréf með föstum tekjum	7	9.102	9.041
Fjárfestingar samtals	12	<u>9.102</u>	<u>9.041</u>
Handbært fé	8	1	1
Aðrar eignir samtals		<u>1</u>	<u>1</u>
Eignir samtals		<u><u>9.103</u></u>	<u><u>9.042</u></u>
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	10	1	1
Útgefin skuldabréf	11	9.100	9.041
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag		2	0
Aðrar skuldir samtals		<u>9.102</u>	<u>9.041</u>
Skuldir samtals		<u><u>9.103</u></u>	<u><u>9.042</u></u>
Hlutdeildarskírteini		0,65	0,60
Fjöldi eininga (í millj.)		<u>0,60</u>	<u>0,60</u>
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabilsins	10	<u>1,08</u>	<u>1,01</u>

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 1. janúar - 30. júní 2013

	Skýr.	1.1. - 30.6. 2013	1.1. - 30.6. 2012
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		0	0
Hækkun á hlutdeildarskírteinum		0	0
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun		1	0
Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins	10	1	0

Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2013

	Markaðs- verð	Eign 30.6.2013 %	Eign 31.12.2012 %	Eign Breyting %	Fjárfestingarstefna	
					Lágmark %	Hámark %
Lánssamningur við Eignarhaldsfélagið						
Smáralind ehf.	9.102	100	100	0	0	100
Innlán fjármálafyrirtækja og reiðufé	0	0	0	0	0	100
Heildarverðmæti fjárfestinga	9.102	100	100	0		

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Sjóðurinn REG 2 Smáralind var stofnaður 17. desember 2012. Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gert.

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur REG 2 Smáralind er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Stefni hf. sem er dótturfélag Arion banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningurinn er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði reikningsskilanna sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun júlí 2013. Áfallnar verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,1% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

7. Verðbréf með föstum tekjum

Lánsamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningi. Í bókhaldi sjóðsins er lánsamningurinn uppreiknaður miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

Skýringar, frh.:

9. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

10. Hlutdeildarskírteini

- a. Sjóðurinn REG 2 Smáralind var stofnaður 17. desember 2012, raunávöxtun er því ekki reiknuð fyrir öll tímabil fyrir hann.

	Ávöxtun
Síðustu 3 mánuði	3,24%
Síðustu 6 mánuði	4,97%

- b. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti	Gengi
30. júní 2013	1	1,08
31. desember 2012	1	1,01

11. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn REG 2 Smáralind gefur m.a. út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysliverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

Verðtryggt lán	9.100
----------------------	-------

Greiðslur af útgefnum skuldabréfum í júnílok 2013 greinast þannig:

Til greiðslu 2013	170
Til greiðslu 2014	308
Til greiðslu 2015	308
Til greiðslu 2016	308
Til greiðslu 2017	308
Til greiðslu síðar	7.698
	<u>9.100</u>

12. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Annað kr.	%	Samtals kr.	%
Aðrir fjármálagerningar	9.102	100	9.102	100
	<u>9.102</u>	<u>100</u>	<u>9.102</u>	<u>100</u>